

## 4. gr.

Heimilt er að ráðstafa öllum árlegum tekjum sjóðsins til styrkveitinga í samræmi við tilgang hans.

## 5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum samkvæmt nánari ákvæðum, er sjóðsstjórn ákveður. Úthlutun styrkja skal fara fram árlega og tilkynning um hana birt opinberlega.

## 6. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera fimm menn skipaðir til fjögurra ára. Þrír skulu kjörnir af sameinuðu Alþingi, einn skal tilnefndur af ríkisstjórn Íslands og einn af Seðlabanka Íslands. Sömu aðilar skulu kjósa og skipa jafnmarga varamenn til sama tíma. Forsætisráðherra skipar formann sjóðsstjórnar.

Stjórnin þiggur ekki laun fyrir störf sín.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, hve miklu fé er varið til styrkveitinga hverju sinni innan þeirra marka, sem sett eru í 4. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum.

## 8. gr.

Seðlabanki Íslands annast ritara- og skrifstofustörf sjóðsins endurgjaldslaust, samkvæmt nánara samkomulagi milli bankans og sjóðsstjórnar.

Annar kostnaður greiðist úr sjóðnum.

## 9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir árlega í Stjórnartíðindum.

## 10. gr.

Ef nauðsyn krefur, setur stjórnin sér starfsreglur, er hafa að geyma nánari fyrirmæli um starfsemi sjóðsins.

## 11. gr.

Leita skal með þingsályktun heimildar Alþingis til að setja skipulagsskrá þessa. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á henni og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Ástríðar S. Brandsdóttur og Björns Björnssonar, frá Hólum í Reykhólasveit, og afkomenda þeirra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. október 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Ástríðar S. Brandsdóttur og Björns Björnssonar, frá Hólum í Reykhólasveit, og afkomenda þeirra.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Ástríðar S. Brandsdóttur og Björns Björnssonar, frá Hólum í Reykhólasveit, og afkomenda þeirra.

**2. gr.**

Sjóðurinn var upphaflega stofnaður 24. júlí 1967, en þann dag voru liðin 100 ár frá fæðingu Ástríðar. — Stofnframlag var 5000 00 kr., en innstæða í bankabók er nú um 235 000.00 kr. — Tekjur sjóðsins hafa verið og munu væntanlega verða: a. minningargjafir, b. vextir, c. aðrar tekjur.

**3. gr.**

Sjóðurinn telst eign Reykhólakirkju, með þeim skilyrðum, sem fram koma í öðrum greinum þessarar skipulagsskrár.

**4. gr.**

Hlutverk sjóðsins er að örva heilbrigða og þjóðlega menningarviðleitni í Reykhólakirkjusókn, með því að veita peningaupphæð, eða minjagrip, sem viðurkenningu til einstaklings, hjóna, félagssamtaka eða stofnunar.

**5. gr.**

Í stjórn sjóðsins verði þrír menn, kjörnir til þriggja ára, þannig: Einn frá safnaðarstjórn, einn frá kvenfélagi og einn frá búnaðarfélagi og jafnmargir varamenn. — Stjórnarmenn má endurkjósa a. m. k. tvisvar sinnum. Þeir skipti sjálfir með sér verkum, eftir hverjar kosningar.

**6. gr.**

Tekjum sjóðsins skal sjóðsstjórn ráðstafa árlega, þannig: Um helmingi þeirra verði varið til viðurkenninga, um fjórði hluti þeirra leggist við höfuðstól og um fjórði hluti notist til viðhalds Reykhólakirkju. Falli viðurkenning niður eitthvert ár leggst þeim mun meira við höfuðstólinn. — Ofangreindri tekjuskiptingu má hnika til, þannig að viðurkenning standi á heilu þúsundi, eða á hálfum eða heilum tug þúsunda.

**7. gr.**

Hlutverk sjóðsstjórnar er m. a. að meta, á hverjum tíma, hvað sé heilbrigð og þjóðleg menning og að veita viðurkenningar samkvæmt því mati. Í því sambandi ber þó fyrst og fremst að verðlauna viðleitni hugar og handa til fegrunar og snyrtimennsku, utan bæjar og innan, og varðveislu þjóðlegra verðmæta og fornra dyggða, því að ætla má, að þaðan fái aðrar menningargreinar holla næringu. — Viðurkenning verði að mestu miðuð við heimilisfestu í Reykhólasókn, en einnig skal þó meta að verðleikum og viðurkenna utanaðkomandi menningaráhrif, þegar ástæða þykir til þess.

**8. gr.**

Sjóðsstjórn lætur gera viðurkenningarskjöl, er sýni nafn sjóðsins, tilefni viðurkenningar og upphæð (eða heiti minjagrips), nafn þess, sem hlýtur, og dagsetningu og undirskrift stjórnar. — Í gjörðabók skal færa samþykktir stjórnarfunda, geta um viðurkenningar og annað, sem frásagnarvert kann að þykja.

**9. gr.**

Sjóðsstjórn skal, á hverjum tíma, ávaxta fé sjóðsins með bestu fánlegum kjörum. — Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar yfirfarnir af endurskoðendum hreppsreikninga Reykhólahrepps og birtir í tímaritum Breiðfirðinga og/eða Vestfirðinga.

**10. gr.**

Minningarsjóðnum til eflingar virðist æskilegt, að sjóðsstjórn eða sóknarprestur vekji öðru hvoru athygli á tilveru hans og tilgangi. — Mætti t. d. gera það í sambandi við mæðradagsmessur, eða við önnur sambærileg tækifæri.

## 11. gr.

Skipulagskrá þessari má breyta, er fram líða stundir, með einróma vilja sjóðs-  
stjórnar og samþykki safnaðarfundar. — En megintilgangi sjóðsins, samkvæmt 4. og  
7. gr., má ekki breyta.

## 12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## AUGLÝSING

## um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum  
tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Bannað verður að leggja bifreiðum við Mjólnisholt sunnan Stakkholts.

Ákvæði auglýsingar þessarar tekur gildi 15. október 1977.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 27. september 1977.*

**Sigurjón Sigurðsson.**